



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 141/1494
komudagur 11. 2. 2013

Alþingi
Nefndasvið, Velferðarnefnd
Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2013
1301307/0.1.2/kk

Efni: Umsögn landlæknis. Mál nr. 497, frv. til laga um sjúkraskrár

Embætti landlæknis telur réttarbætur felast í þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Á það sérstaklega við um málsmeðferð varðandi óskir um aðgang að sjúkraskrá látinna. Nú er ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár um að heimila eða synja um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings ekki kæránleg til landlæknis af hálfu borgarans. Kæruleið fyrir slíkar ákvarðanir til ráðuneytis er aðeins virk ef umsjónaraðili sjúkraskrár er opinber heilbrigðisstofnun, en hliðstæð ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár er endanleg ef starfsemin er einkarekin. Túlkun lögfræðinga á því hvernig beita beri málskotsheimildum á grundvelli laganna hefur ekki verið á einn veg, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, enda hefur ýmsum þótt réttaröryggi að þessu leyti áfátt að gildandi lögum.

Landlæknir fagnar þeim vilja sem fram kemur í frumvarpinu um að færa ákvörðun um aðgang að sjúkraskrá einstaklinga eins nálægt uppsprettu upplýsinganna og mögulegt er. Við ágreining er eðlilegt að máli sé vísað til ákvörðunar landlæknis sem hefur það hlutverk samkvæmt lögum að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni og hefur því faglegar forsendur til að taka afstöðu í slíku máli.

Allir heilbrigðisstarfsmenn, nú 33 starfsstéttir, þurfa að færa sjúkraskrár um þá sjúklinga sem þeir fá til meðferðar. Embætti landlæknis hefur eftirlit með því að ákvæði laga um sjúkraskrár séu virt og gilda sömu reglur um eftirlitið hvaða heilbrigðisstétt sem í hlut á og hvort sem um er að ræða einkarekna þjónustu eða opinbera. Eðlilegt er með sama hætti að sömu heimildir séu fyrir hendi til að kæra hliðstæðar ákvarðanir allra umsjónaraðila sjúkraskráa til landlæknis. Eiga sömu sjónarmið við um þær þrjár tegundir af ákvörðunum sem frumvarpið tekur til, þ.e. á grundvelli 7. gr., 14. gr. og 15. gr. gildandi laga. Það er fallið til einföldunar og skilvirkni í stjórnsýslunni að kærustig sé aðeins eitt innan stjórnsýslunnar, enda unnt að bera ákvörðun sem endanleg er á stjórnsýslustigi undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir